# Fundargerð

**18**. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2004-2006, var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, mánudaginn 5. desember 2005, kl. 20:30.

Fundinn sátu: Jónas Egilsson, formaður, Einar K. Jónsson, Stefán Halldórsson, Unnur Sigurðardóttir, Fríða Rún Þórðardóttir, unglingalandsliðsþjálfari og formaður íþróttamannanefndar, Guðmundur G. Kristinsson, markaðsstjóri og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri. Sonja Sif Jóhannsdóttir og Birgir Guðjónsson boðuðu forföll.

1. **Fundargerð 17. fundar lögð fram. Samþykkt.**

2. **Fjármál og rekstur.**

   a) Fundur hjá Markaðsráði ÍSÍ nk. miðvikudag vegna lánafyrirgreiðslu. Samþykkt að gjaldkeri sæki fundinn af hálfu FRÍ.
   b) Rekstraráætlun FRÍ 2006 og rekstraráætlun Merkisbera verkefnissins lagðar fram. Rætt.
   c) Guðmundur fór yfir stöðu Merkisberaverkefnissins. Lagður fram samningur við Landsbanka Íslands um verkefnið frá 1. des. sl. Samningurinn var síðan samþykktur af stjórn.
   d) Formaður ræddi um mögulegt samstarf nokkurra sérsambanda í sambandi við rekstur, skrifstofuhald og mannahald. Rætt.

3. **Móta – og íþróttamál.**

   a) Mótaskrá 2006.
   Lögð fram drög að mótaskrá FRÍ 2006. Drögin samþykkt að undanskilinni dagsetningu fyrir Bikarkeppni FRÍ, sem verður afgreidd síðar.
   b) Laugardalshöllin. Lagt fram bréf frá Íþróttamannanefnd FRÍ um notkun og reglur varðandi nýju höllina. Rætt.
   c) Lögð fram tilllaga frá framkvæmdastjóra og unglingalandsliðsþjálfara varðandi "European Youth Forum" í tengslum við EM í Gautaborg á næsta ári. Samþykkt að auglýsa eftir fjórum þátttakendum á aldrinum 18-25 ára til að taka þátt í verkefninu á vegum FRÍ.
   d) Formaður lagði fram tillögu um skipan nefndar til endurskoðunar á mótahaldi og framkvæmd móta. Formaður verði fulltrúi stjórnar í nefndinni, auk þess sem framkvæmdastjóri starfi með nefndinni. Samþykkt.

4. **Fundir, samkomur og þing.**

   a) Uppskeruhátíð FRÍ. Rætt, samþykkt að gjaldkeri og framkvæmdastjóri skoði hentuga dagsetningu fyrir uppskeruhátíð í janúar.
   b) Samþykkt að formaður legði fram tilllögu að uppstillingarnefnd fyrir næsta fund stjórnar.

5. **Lagt fram.**

   a) Skýrsla Birgis Guðjónssonar um MÍ aðalhluta sl. sumar.

b) Skýrsla Fríðu Rúnar um NM í Víðavangshl. 12. nóv. sl.
c) Skýrsla Hlyns Guðmundssonar um Norræna ráðstefnu um íþróttir barna og unglinga.
d) Bréf frá Birgi Guðjónssyni til EAA vegna dómaraprófa í sept. sl.
e) Bréf frá AASSE til Ólympíunefnda smáþjóða í Evrópu vegna framkvæmdar á frjálsíþróttakeppni á Smáþjóðarleikunum sl. sumar.
f) Yfirlit yfir námskeið á vegum Þróunarseturs Alþjóðasambandsins (IAAF RDC) í Moskvu 2006.
g) IAAF, IAAF Constitution and Competition Rules 2006-2007.
h) Skýrsla frá formannafundi ÍSÍ 25. nóv. sl.
i) Yfirlýsing um félagaskipti:
   - G. Sunna Gestsdóttir, úr Hvöt (USAH) í Umf. Breiðablik (UMSK).
   - Guðmundur M. Skúlason, úr Eldborg (HSH) í FH (ÍBH).
   - Birkir Sveinsson, úr Eflingu (HSÞ) í Ungmennafélag Akureyrar (ÍBA).

   Öll fá réttindi til að keppa fyrir nýtt félaga 1. janúar 2006.

**6. Innsend erindi.**

a) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 29. nóv. sl., um íþróttamann og íþróttakonu ársins 2005. Vali þarf að skila fyrir 15. des. nk. Ákveðið að óska nánari upplýsinga um frammistöðu okkar helsta íþróttafólks, áður en ákvörðun verður tekin.
b) Lögð fram fréttatilkynnig/yfirlýsing frá Sigríði Jónsdóttur, varaforseta ÍSÍ, þar sem hún tilkynnir um framboð sitt til kjörs forseta ÍSÍ á næsta Íþróttaþingi.

**7. Önnur mál.**

a) Fríða Rún ræddi um keppnisferð á Gautarborgarleikana á næsta ári.
b) Einar Kristján ræddi um samskipti og fræðslu til afreksmanna innan sambandsins og taldi þörf á að endurskoða það. Rætt.

Fundi slitið kl. 22:30.
Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.